

## AUGLÝSING

### um verndarsvæði á Norðausturlandi – háhiti Gjástykkissvæðis í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar.

#### 1. gr.

##### *Um friðlýsinguna.*

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið, á grundvelli verndarflokks þingsályktunar nr. 13/141 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, frá 14. janúar 2013, að friðlýsa háhitasvæði Gjástykkis: 100 Gjástykki í Norðurþingi, Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit gagnvart orkuvinnslu á grundvelli 53. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Verndarsvæðið er 52 km<sup>2</sup> að stærð.

#### 2. gr.

##### *Markmið friðlýsingarinnar.*

Tilgangur og markmið friðlýsingarinnar er að vernda háhitasvæði Gjástykkis: 100 Gjástykki gegn orkuvinnslu, sbr. 1. gr.

#### 3. gr.

##### *Mörk verndarsvæðisins.*

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I sem birtur er með auglýsingu þessari.

Afmörkun jarðhita er dregin eftir útbreiðslu háhita samkvæmt viðnámsmælingum og landslagi. Friðlýsing Gjástykkissvæðis markast af Einbúa í vestri, Gæsafjöllum í suðvestri, Hrutafjöllum í austri og fylgir hrauninu til norðurs.

#### 4. gr.

##### *Mannvirkjagerð og orkurannsóknir.*

Orkuvinnsla varmaafls með uppsett varmaafli 50 MW eða meira innan marka svæðisins er óheimil. Ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu á verndarsvæðinu vegna virkjunar jarðvarma með uppsett varmaafli 50 MW eða meira. Að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og að undangenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að stunda yfirborðsrannsóknir á verndarsvæðinu.

#### 5. gr.

##### *Viðurlög.*

Brot gegn friðlýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 90. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

#### 6. gr.

##### *Gildistaka.*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 1. apríl 2020.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*



**Hnitatafla.**

Punktur	A	N
1	601062	587747
2	599833	588091
3	598948	588549
4	598506	589465
5	598127	590476
6	597890	593256
7	600212	596605
8	602708	598580
9	604335	598532
10	604287	595326
11	603908	594441
12	604146	594040
13	604291	593544
14	604229	592985
15	604035	592040
16	603981	590997
17	603815	590190
18	603401	589507
19	602780	588969
20	602138	588120
21	601683	587789
22	601062	587747

---

B-deild – Útgáfud.: 22. apríl 2020